

## Trends in International Migration: SOPEMI - 2004 Edition

Summary in Icelandic

---

## Framvinda í alþjóðlegum fólksflutningum: SOPEMI – Útgáfa 2004

Útdráttur á íslensku

### ALMENNUR INNGANGUR

eftir John P. Martin

Yfirmann atvinnu-, verkalyðs- og félagsmála

---

*Þó að alþjóðlegir fólksflutningar hafi öðlast nýja merkingu eru gögn um fyrirbærið bæði brotakernd og ófullkomin.*

---

Þrátt fyrir að málefni alþjóðlegra fólksflutninga hafi öðlast nýja merkingu í samhengi við öldrun íbúa og aukna hnattvæðingu þjóðarhagkerfa, halda tölfræðilegar upplýsingar um fólksfjölda því miður áfram að vera brotakerndar og ófullkomnar. Það eru ýmsar ástæður fyrir þessu. Þær fela í sér hömlur sem hljóta af stofnanapáttum sem tengjast söfnun tölfræðilegra upplýsinga (frá íbúaskráum eða manntali, dvalar- og atvinnuleyfum eða fjölskyldukönnunun, eftir um hvaða ríki er að ræða), mismun milli ríkja um lengd leyfa fyrir fólksflutninga af sömu gerð, og ólíkar stefnunálganir að fólksflutningum (hvort innflutningur á að vera tímabundinn eða varanlegur, hversu auðvelt eða erfitt er að fá ríkisborgararétt, hvort breyting á stöðu sé möguleg meðan á dvöl farandverkamannsins stendur, o.s.frv.).

---

*Til að ráða bót á þessu hefur OECD nýlega tekið saman nýjan gagnagrunn...*

---

Nákvæmari og nýrri tölfræðiupplýsingar geta stuðlað að þróun og útfærslu fólksflutninga og samlögunarstefna sem hæfa betur núverandi stjórnlandafræðilegum-, lýðfræðilegum-, hagfræðilegum- og félagslegum raunveruleika. Þróun afmarkaðra rannsókna, einkum gegnum kannanir, sérstaklega lengdarkannanir, og framfarir í samhæfni tölfræðilegra upplýsinga um alþjóðlegra fólksflutninga, skapa meiriháttar áskoranir. Í þessu samhengi leggur OECD ársskýrslan 2004 *Framvinda í alþjóðlegum fólksflutningum* fram mikilvægan skerf með því að kynna niðurstöður úr nýjum gagnagrunni um stofn innflytjenda og með því að veita uppfærslu, gegnum flokk reita, á helstu málefnum og áskorunum sem tengjast mælingum á fólksflutningafyrirbærinu.

---

*... sem einbeittir sér að íbúum fæddum erlendis, eftir búsetulandi og upprunalandi.*

---

Helstu landnámsríki OECD (Ástralía, Kanada, Bandaríkin og Nýja Sjáland) gefa út tölfræðiupplýsingar um innflytjendur (fædda erlendis) á meðan OECD ríkin í Evrópu og Asíu nota í staðinn hugtakið útlendingur (viðmiðun byggð á þjóðerni). Þessi mismunur er einkennandi fyrir erfiðleikana við að samræma tölfræði um fólksflutninga. Í fyrsta skipti einbeittir þessi útgáfa af *Framvinda í alþjóðlegum fólksflutningum* sér að manneskjum fæddum erlendis, og kynnir sambærilegar tölfræðiupplýsingar um þær eftir búsetulandi og upprunalandi frá 29 aðildarríkjum OECD. Þökk sé þessum upplýsingum er mögulegt að bjóða upp á ítarlega og áreiðanlega mynd og bera saman fjölda innflytjenda í aðildarríkjum OECD og að meta smávxandi afleiðingar hreyfinga innan og inn á OECD svæðið á síðustu áratugum.

---

*Önnur málefni sem tengjast tölfræðiupplýsingum um fólksflutninga eru einnig rædd.*

---

Þau samhæfnivandamál sem erfiðast er að leysa eru þau sem tengjast tölfræðiupplýsingum um flæði og þau sem varða ákveðinn afmarkaðan innflytjendafjölda, svo sem hælisleitendur, námsmenn, og óskráða farandverkamenn. Þessar spurningar eru ræddar í flokki reita út í gegnum fyrsta kafla skýrslunnar. Þær hafa sem sameiginlegt þema, mælingu tölfræðilegra upplýsinga um fólksflutninga og þær áskoranir sem þetta skapar. Eftirfarandi spurningar eru ræddar: *i)* Hvernig er flæði fólksflutninga mælt? *ii)* Eru hælisleitendur virkilega farandverkamenn? *iii)* Hvernig er innflytjendafjöldi mældur? *iv)* Hvernig eru nettó fólksflutningar mældir? *v)* Er viðeigandi að bera saman hlutfall atvinnulausra útlendinga og innfæddra? *vi)* Um hversu marga ólöglega farandverkamenn er að ræða? *vii)* Hversu margir útlendingar fá ríkisfang í búsetulandi sínu? Út frá upplýsingunum í þessum reitum er mögulegt að setja saman skrá um aðferðir og verklag

sem notað er til að lýsa og greina einkenni farandverkamanna og stinga upp á nokkrum mögulegum rannsóknarleiðum til að fága skilning okkar á fólksflutningafyrirbærinu.

---

*Sérstaki kaflinn veitir, í fyrsta sinn, áætlun um fjölda innflytjenda og útlaga eftir upprunalandi og menntunarstigi.*

---

Sérstaki kaflinn „Innflytjendur og útlagar í aðildarríkjum OECD taldir: nýr sjónarhóll“ veitir áætlun um fjölda útlaga eftir upprunalandi (bæði aðildarríki og ríki sem ekki eiga aðild) og býður upp á betri skilning á því margrædda málefni um alþjóðlegan hreyfanleika verkamanna með mikla fagkunnáttu og áhrif þess á upprunalönd þeirra, með öðrum orðum, deilurnar um „atgervisflóttann“. Niðurstöður greiningarinnar sem ráðist er í í kaflanum sýnir að *i)* hundraðshluti þeirra sem fæddir eru erlendis í evrópskum OECD aðildarríkjum er greinilega hærri en þeirra útlendinga sem búa í þessum ríkjum (Þýskaland, Svíþjóð og Austurríki); *ii)* alþjóðlegir fólksflutningar eru gjarnan almennari meðal verkamanna með mikla fagkunnáttu; *iii)* í flestum aðildarríkjum OECD er fjöldi innflytjenda með menntun á háskólastigi meiri en fjöldi útflytjenda með sama stig menntunar; og *iv)* meðal ríkja sem ekki eiga aðild eru það minni ríkin og vanþróaðri ríkin, einkum í Afríku og Karabíska hafinu, sem verða sérstaklega fyrir áhrifum af alþjóðlegum hreyfanleika verkamanna með mikla fagkunnáttu.

---

*Skýrslan undirstrikar einnig nýlega tilhneigingu í átt að stöðugleika í flæði fólksflutninga...*

---

Eins og á hverju ári greinir núverandi skýrsla framvindu í fólksflutningum og stefnum. Eftir nokkurra ára aukningu sýndu alþjóðlegir fólksflutningar til aðildarríkja OECD tilhneigingu til jafnvægis á árunum 2002-2003. Flæði hælisleitenda hefur stórlega minnkað, til dæmis til Bretlands eða Hollands, og hið sama má segja um fólksflutninga vegna fjölskyldusameiningar í ákveðnum OECD ríkjum (til dæmis í Danmörku). Á hinn bóginn eru fólksflutningar vegna atvinnu, sérstaklega faglærðir verkamenn, ástæðan fyrir vaxandi hlutdeild í alþjóðlegri tilfærslu fólks. Vöxturinn í komu erlendra námsmanna, til dæmis til Ástralíu og Frakklands, og árstímabundinna verkamanna, einkum til Þýskalands og til Bretlands, er hluti af sömu þróun.

---

*... og mikilvægi þegna frá Kína og Rússlandi í nýlegu flæði.*

---

Fólksflutningar frá nágrannarríkjum, sem leiða af hefðbundnum sögulegum tengslum milli ríkja, eru ríkjandi. Skýrslan leggur einnig áherslu á mikilvægi ákveðinna þjóðerna, og greinir sérstaklega nýlegt flæði farandverkamanna frá Kína og Rússlandi. Yfirlitinu lýkur með greiningu á fjórum landssvæðum: *i)* ríkin í Mið- og Austur-Evrópu í samhengi við

innngöngu þeirra í Evrópusambandið, *ii*) Austur- og Suðaustur-Asíu, *iii*) Suður-Ameríku, og *iv*) Afríkurríkin fyrir sunnan Sahara.

---

*Hlutur útlendinga í stofni vinnandi íbúa er að aukast, en konur og yngra fólk standa frammi fyrir erfiðleikum við að samlagast vinnumarkaðinum...*

---

Rannsókn á vinnumarkaðinum í aðildarríkjum OECD bendir til að í flestum þeirra haldi hlutdeild útlendinga og innflytjenda í vinnuaflinu áfram að aukast, tilhneiging sem ekki varð fyrir áhrifum af nýafstaðinni niðursveiflu í efnahagslífinu. Skýrslan greinir einnig þátttökuhlutfall útlendinga og helstu þætti sem hafa áhrif á það. Þessi greining varpar ljósi á eðli og alvarleika erfiðleikanna sem innflytjendur, sérstaklega konur og yngra fólk standa frammi fyrir við að samlagast vinnumarkaðinum að fullu.

---

*... þrátt fyrir nýjar ráðstafanir sem beinast að því að aðstoða þau við það.*

---

Þessi skýrsla kynnir einnig skrá yfir helstu fólksflutningastefnur sem aðilarríki OECD hafa tekið upp. Nokkur ríki hafa gripið til nýrra ráðstafana sem beinast að því að aðstoða við samlögun útlendinga og innflytjenda inn í samfélög sín. Hægt er að draga saman þær saman undir forskriftinni „upplýsingar, frumkvæði, staðfesting“. Ráðstafanir sem aðildarríki hafa gripið til fela í sér stofnsetningu athugunarstöðva sem tengjast samlögun innflytjenda (til dæmis í Frakklandi og Portúgal), umbætur á samlögunarverkefnum fyrir nýkomur (Holland, Noregur og Kanada), og eflingu ráðstafana í baráttu gegn mismunum (sjá sérstaklega nýjar tilskipanir Evrópusambandsins). Aðilarríki taka einnig þann pól í hæðina að endurbætur á stjórn innflytjendaflæðis geri þeim kleift að bæta lífs- og dvalaraðstæður löglegra farandverkamanna.

Skýrslan felur einnig í sér minnispunkta um ríki sem lýsa í smáatriðum nýlegri þróun fólksflutninga og stefna. Tölfræðilegur viðauki aftast í útgáfunni inniheldur tölfræðilegar upplýsingar um flæði, um fjölda innflytjenda og útlendinga, og um veitingu þegnréttar.

© OECD 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD**  
**[www.oecd.org/bookshop/](http://www.oecd.org/bookshop/)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

[rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org)

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal  
75116 Paris  
France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

